

8. gr.

126

Skólastjóri er ráðinn af skólanefnd, er einnig ræður kennara og prófdómendur samkvæmt tillögum hans. 15. okt.

9. gr.

Skólastjóri hefur á hendi daglega stjórn skólans. Getur hann í samráði við skólanefnd vísað nemendum úr skólanum um stundarsakir eða að fullu, ef þurfa þykir.

10. gr.

Reglugerð þessi tekur gildi 1. september 1954.

Reglugerð þessi staðfestist hér með.

Í menntamálaráðuneytinu, 15. október 1954.

Bjarni Benediktsson.

Jóhannes Eliasson.

REGLUGERÐ

127

18. okt.

um viðauka við reglugerð frá 9. sept. 1954, um sölu og veitingar áfengis.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leyfa tilbúning öls, sem hefur inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, til að selja til erlends varnarliðs, er hér dvelur, og til útflutnings.

2. gr.

Þeim, sem leyfi fá til framleiðslu slíks öls, er óheimilt að veita, selja eða láta ölið af hendi til annarra en umboðsmanna hins erlenda varnarliðs hér á landi eða til útflutnings undir eftirliti tollyfirvalda og undir innsigli, eftir því sem þau mæla fyrir.

3. gr.

Um framleiðslugjöld fer eftir reglum, sem settar eru samkvæmt lögum um gjald af innlendum tollvörutegundum.

4. gr.

Dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra skipa sinn manninn hvor til þess að hafa eftirlit með því, að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt.

5. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 19. gr., sbr. 42. gr., áfengislaganna.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. málsg. 7. gr. áfengislaga, nr. 58 24. apríl 1954, öðlast þegar gildi.

Reglugerð nr. 98 4. júní 1951 er úr gildi felld.

Í dómsmálaráðuneytinu, 18. október 1954.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.